



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

**Vandi og möguleikar hins pólitíska vettvangs**

*Rannsókn á stjórn málaheimspeki Hönnuh Arendt  
og mögulegum áhrifum hennar á íslenska pólitík*

Ritgerð til B.A.-prófs

Elvar Geir Sævarsson

Maí 2010

**Háskóli Íslands**  
**Sagnfræði- og heimspekideild**  
**Heimspeki**

**Vandi og möguleikar hins pólitíska vettvangs**

*Rannsókn á stjórnálaheimspeki Hönnuh Arendt  
og mögulegum áhrifum hennar á íslenska pólitík*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Elvar Geir Sævarsson**

**Kt.: 3012765839**

**Leiðbeinandi: Sigríður Þorgeirsdóttir**

**Maí 2010**



# Efnisyfirlit

<b>1. Aðdragandi</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Hannah Arendt</b> .....	<b>7</b>
<b>3. Vinna, framleiðsla og athöfn</b> .....	<b>9</b>
3.1. Hið virka líf.....	9
3.2. Þrjár tegundir virkni .....	11
3.3. Fæðingarleiki .....	12
3.4. Fjölbreytt samfélag .....	13
3.5. Vinnusamfélag .....	15
<b>4. Neysla menningar</b> .....	<b>17</b>
4.1. Menningarkrísa .....	17
4.2. Veraldleiki .....	18
<b>5. Vandí stjórnmálanna</b> .....	<b>19</b>
5.1. Í skugga leikfléttunar .....	19
5.2. Á sannleikur heima í stjórnmálum? .....	21
5.3. Lygar og skoðanir.....	22
5.4. Afstæði sannleikans.....	23
5.5. Dómur um heiminn .....	25
<b>6. Íslensk pólitík</b> .....	<b>26</b>
<b>7. Uppgjör</b> .....	<b>29</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>33</b>

# 1. Aðdragandi

Á Vesturlöndum er krafan um endurnýjun á hinu pólitíska litrófi að verða háværi. Hin gamalgróna mynd af línu sem hægt er að staðsetja manneskju á, hægra eða vinstra megin við miðju eftir skoðunum hennar á handfylli af málefnum, er að margra mati úreld. Mörg þeirra viðfangsefna sem pólitíkin fjallar um í dag eiga ekkert erindi á rauð/bláa skalann en er oft þröngvað þangað af atvinnupólitíkusum í atkvæðaleit. Þannig hafa hin ýmsu réttlætismál fallið niður í skotgrafir flokkapólitíkurinnar með þeim afleiðingum að beinir hagsmunaaðilar missa oft af tækifærinu til að takast á um málefnið eða ræða þau. Hér má nefna hin ýmsu sveitarstjórnarmál, femínisma, utanríkismál og náttúruvernd, en iðulega er það þannig að álitamál innan þessara málaflökka fara þvert á flokkalínu. Á Íslandi liggur fjórflokkakerfi til grundvallar allri pólitískri umræðu og það nota kjósendur sem sinn pólitíska áttavita. Flokkarnir sjálfir leggja aftur á móti áherslu á málefni utan við sinn hefðbundna pólitíska lit og stundum er erfitt að staðsetja þá á skalanum sem þeir kenna sig sjálfir við. Þegar það gerist taka kjósendur og stuðningsmenn stundum afstöðu sem samkvæmt bókinni ætti að vera áhersla flokks hinum megin miðjunnar. Undir þetta flokkast til dæmis ríkisstyrkt stóriðja Sjálfstæðismanna, áhersla á uppbyggingu lítilla og meðalstórra einkafyrirtækja hjá VG í nafni náttúruverndar og tillaga Samfylkingarinnar um einkavæðingu í heilbrigðisgeiranum, svo ekki sé minnst á Evrópusambandið og ICESAVE, svo horft sé til nokkurra brennandi álitamála líðandi stundar. Hér sjáum við að línur á milli flokka eru vægast sagt óskýrar séu þær skoðaðar með hefðbundnum hægri/vinstri gleraugum. Þorri kjósenda heldur þar að auki ávallt tryggð við sama flokkinn og getur þannig sveiflast í skoðunum sínum um hin ýmsu málefni. Öfgafullt dæmi um þennan rugling er viðsnúningur VG og Sjálfstæðisflokks í ICESAVE-málinu, en til eru ótal dæmi um þannig viðsnúning og sú staðreynd að kjósendur og stuðningsmenn þeirra skipti jafnvel um skoðun líka, eða hætti að minnsta kosti ekki stuðningnum við flokkinn, gefur til kynna að hægri- og vinstriskalinn nái ekki lengur til allra þátta stjórnmálanna. Skotgrafirnar eru það djúpar að fljótlegru leið til sameiningar væri að grafa sig í gegnum veggina en að klifra yfir en í

hvert skipti sem stjórnmalamaður rífur gat á moldarveginn hrynur fyrir opið á ný og ekkert breytist. Í kerfinu er mikil seigla og krafa um nauðsynlegar róttækar breytingar er óraunhæf í ljósi hagsmuna- og krosstengsla embættis, viðskipta- og stjórnmalamanna sem ég persónulega treysti ekki til heiðarlegrar umbótavinnu. Við búum í raun við hið mótsagnarkennda ástand að þurfa róttækar breytingar sem þarf að koma á með hóflegum hætti því róttækar aðgerðir eru líklegar til að vekja ofsóknaræði og harða mótstöðu þeirra sem breytingarnar snúa að.

Á Íslandi varð á haustmánuðum 2008 algert kerfishrun sem rekja má til spillingar og slæmra stjórnarháttanna og því blasir tækifæri til endurfæðingar lýðræðissamfélagsins við okkur, þó margir líti til þess með hóflegri bjartsýni vegna vonbrigða og vantrausts á vettvangi stjórnmalanna. Hugmyndafræðilega vantar aðeins herslumuninn til að galopna íslenska pólitík. Hver veit, kannski fer allt vel að lokum? Maður neyðist til að trúá því, en þá þarf öflug, heiðarleg og opin umræða að fara fram, eitthvað sem Íslendingar hafa ekki sýnt færni í hingað til. Heiðarleg umræða þarf sameiginlegan snertiflöt hlutaaðeigenda og enduruppfinning samfélagsins þarf á því að halda að raddir allra þegna fái að heyrast. Ég held að vandi samfélagsins í hnotskurn sé að meirihluti fólks geri sér ekki grein fyrir þessari rödd og því sé yfir höfuð ekki gert ráð fyrir henni og hér ríkir allt of mikið pólitískt sinnuleysi meðal hinna almennu borgara. Áður en farið verður í áþreifanlegar aðgerðir þarf hér að verða alger hugarfarsbreyting.

Ég ætla í þessari ritgerð að athuga hvort hægt sé að færa fólki röddina sem það veit ekki að það hefur með því að rýna í hugmyndir og kenningar Hönnuh Arendt (1906-1975). Hannah Arendt var þýsk-bandarískur stjórn- og heimsspekingur og markaði spor sín í heimspekisöguna m.a. með skrifum um hugarheim, aðferðafræði og uppgang alræðisstjórna í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar. Stjórnmalameispeki hennar hefur vakið verðskuldaða athygli vegna skarprar greiningar hennar á stöðu mannsins í samfélaginu og skrif hennar bera vott um yfirsýn á samfélagið sem fáir aðrir hafa.

Útgangspunktur ritgerðarinnar er ritið *Staða Mannsins (The Human Condition)*<sup>1</sup> sem kom út

---

<sup>1</sup> Hannah Arendt, *The Human Condition*. London, 1998. Skst. HC.

1958, en þar dregur Arendt upp einstaka mynd af grundvallar-skilyrðum lífs manna og hvaða möguleika við höfum sem samfélagslegar vitsmunaverur. Ég ætla að sýna fram á að hugmyndir hennar eru tilvalið innlegg í umræðuna sem þarf að fara fram því ein aðal áherslan í skrifum hennar var *fjölbreytileiki* mannlífsins sem þarf að enduspeglar á hinum opinbera vettvangi. Fjölbreytileikinn endurspeglar þó ekki án þess að borgararnir séu virkir og láti í sér heyra. Þar leggur hún áherslu á hið virka líf, *vita activa*, sem hún sundurgreinar í *vinnu*, *framleiðslu* og *athöfn*, sem eru skilyrði mannsins á jörðinni.

*Vinna* vísar í okkar líkamlegu þarfir, *framleiðsla* er sköpunargáfa okkar og hæfileikinn til að móta hinn efnislega heim í kringum okkur og *athafnir* okkar vísa til hins samfélagslega og hvernig við sköpum samfélag.<sup>2</sup> Af virknum þremur fannst Arendt að í menningu okkar væri lögð of mikil áhersla á þátt vinnunar, en vinna vísar til lífsnauðsynja og neyslu. Af þeim sökum taldi hún samfélag nútímans vera orðið að vinnu- og neyslusamfélagi.

Ég skoða einnig hugmyndir hennar um menningu í textanum „Menningarkrísan” „Crisis in Culture”<sup>3</sup> en þar fer Arendt yfir ástand menningarlífsins og sýnir fram á skaðann sem vinnu- og neyslusamfélagið hefur unnið á nútíma vestrænum samfélögum með afþreyingarmenningu.

Afþreyingarmenningin hefur að hennar mati grafið undan varanleika heimsins með því að bjaga menningarverðmæti þannig að þeirra innlegg fái ekki að njóta sín til fulls. Áhersla Arendt á varanleika heimsins kemur til vegna þess að heimurinn sem við sköpum þarf að vera til staðar fyrir komandi kynslóðir. Ef menningu okkar er stýrt af neyslu einni og sér skiljum við eftir okkur sundurlausan heim sem afkomendur okkar þurfa að finna upp á nýtt. Þetta ferli elur á sinnuleysi og einsleitni og getur útrýmt möguleika okkar á athöfnum því þær þrífast í fjölbreytileikanum.<sup>4</sup>

Einsleitni menningar okkar hefur áhrif á vettvang stjórnmálanna og í greininni „Sannleikur og stjórnmál”<sup>5</sup> bendir hún á að vegna skorts á athöfnum standi hinn pólitíski vettvangur frammi

---

<sup>2</sup> HC 7

<sup>3</sup> Hannah Arendt, „Crisis in culture”, *Between past and future*. Penguin Books. Registered Offices Harmondsworth, Middlesex, England. 1993. Skst. CC.

<sup>4</sup> CC 211

<sup>5</sup> Hannah Arendt, „Sannleikurinn og Stjórnmál”. Ég stýðst við óbirt handrit af þýðingu Guðrúnar Evu Mínervudóttur. Textinn heitir á frummálinu „Truth and Politics”, *Between past and future*. Skst. SS. Öll þau óbirtu handrit sem ég

fyrir djúpstæðum vanda lyga og hagsmunabraski. Í greininni lýsir hún baráttu stjórnmalanna við sannleikann og þeim afleiðingum að heimurinn eins og hann blasir við okkur sé ekki lengur skapaður af fólkinu. Ég mun bera hugmyndir hennar saman við hugmyndir Will Kymlicka og Ronald Dworkin, nútíma stjórnmalalaheimspekings, og athuga hvort þær séu að einhverju leyti samrýmanlegar. Að lokum mun ég svo athuga hver niðurstaðan verður þegar pólitískt ástand á Íslandi er skoðað með nálgun Arendt til hliðsjónar. Tilgangur pólitískrar umfjöllunar Arend er að upphuga pólitík virkra borgara sem getur verið vörn gegn alræði, en hugmyndir hennar eiga einnig erindi við pólitískt landslag sem má einkenna sem kreppu lýðræðis, þar sem borgarar taka ekki virkan þátt og atvinnupólitík er ofurseld þjónkun við hagsmuni ráðandi afla. Til að veita þessari kreppu viðnám þá greinir hún forsendur og möguleika í hinu pólitíska landslagi sem við getum haft til hliðsjónar þegar við stöndum frammi fyrir því að endurnýja hin pólitíska vettvang. Hún leggur ekki fram eiginlega uppskrift heldur má líkja skrifum hennar við kennslubók í eldamennsku sem útskýrir grunnforsendur eldamenskunnar og virkni hráefna án þess að einn réttur sé lofaður framar öðrum.

## 2. Hannah Arendt

Hannah Arendt Arendt var gyðingur og neyddist til að flýja Þýskaland við upphaf fjórða áratugarins, fyrst til Parísar og svo til New York þar sem hún lifði og starfaði til æviloka, en hún varð prófessor m.a. við háskóla í Chicago og New York. Þar sem hún hafði sjálf orðið fyrir barðinu á nasistum varði hún drjúgum hluta sinna skrifa í greiningu alræðis og spurði hversvegna og hvernig þannig ógnarstjórnir gætu náð hylli almennra borgara. Allt að því hversdagslegar greiningar hennar á voðaverkum og gerendum þeirra fór fyrir brjóstið á mörgum, ekki síst gyðingasamfélaginu. Hún kallaði stríðsglæpamennina ekki skrímsli eða geðsjúklinga heldur greindi hún aðgerðir þeirra vélrænt og komst að þeirri niðurstöðu að kerfið sem umlukti einstaklinga og

---

notast við hafa ekki blaðsíðutal og því vísa ég í málsgreinar (hér eftir skammstafað mgr).



stofnanir hafi í stjórnleysi<sup>6</sup> sínu tekið völdin, og hún trúði því að hinir seku hafi einungis talið sig vera að vinna samkvæmt skipunum og gildum samfélagsins.<sup>7</sup>

Arendt var umhugað að þegar samfélagsins væru pólitískt virkir því einungis þannig má spyrna gegn baktjaldamakki og hagsmunapotí kjörinna fulltrúa. Hún líkir ekki kreppu lýðræðis í vestrænum nútímasamfélögum við alræðisríki fyrri hluta 20. Aldar. Stjórnarform alræðis er ýkt mynd þess þegar borgarar verða óvirkir. Samkvæmt stjórnkerfi alræðisstjórna yrðu allir þegar samfélagsins að vera gerðir eins. Þetta viðhorf taldi Arendt vera einföldustu leið stjórnvalda til að ná algerum yfirráðum:

Alger yfirráð felast í að steypa óendanlegan fjölbreytileika og sundurgreinanleika manna í sama mót, líkt og allt mannkyn væri aðeins einn einstaklingur. Þau eru þá aðeins möguleg að hægt sé að smætta hverja manneskju niður í eintóm viðbrögð þannig að hverju sinni megi af handahófi skipta út einu safni viðbragða fyrir annað. Vandamálið felst í því að búa til eitthvað sem er ekki til, nefnilega einskona mannkyn er líkist öðrum dýrategundum, dýrum sem eru „frjáls“ til þess eins að „viðhalda tegundinni“.<sup>8</sup>

Nútímasamfélagið gagnrýndi hún fyrir pólitískt sinnuleysi sem hún rakti beint til taumlausrar neyslu og einstaklingshyggju. Þessi gagnrýni hennar hljómar dálítið eins og skot frá vinstrikantinum en því fer fjarri. Hún gagnrýndi vinstrimenn undir áhrifum Marxisma sérstaklega fyrir að einblína um of á heiminn sem smættaðan í vinnu og framleiðslu þar sem lífið snérist um að vinna, sofa, borða og rétt launþegans til framleiðslunnar. Lífið felur í sér meira en svo og hún taldi kenningar Karl Marx (1818-1883) ekki bjóða upp á pólitíska virkni í þeim skilningi sem hún sá fyrir sér.<sup>9</sup>

Í *Kommúnistaávarpinu*<sup>10</sup> má finna samskonar gagnrýni á samfélag borgarastéttarinnar og Arendt setur fram um neyslusamfélagið, en ef við lítum á hvað Marx hafði um vettvang stjórnmalanna má finna allt aðra nálgun. Það má segja að Arendt og Marx komi oft auga á sömu vankanta samfélagsins en þau greini á um úrlausnir. Eftirfarandi tilvitnun er í hugmyndir Marx að

---

<sup>6</sup> Ég á ekki við stjórnleysi í anda anarkisma, heldur er ég að vísa til þess að stjórnkerfið var orðið svo helsjúkt að því héldu engin bönd en að sama skapi var það mjög öflugt, skilvirkt og gegnsýrt forræðishyggju.

<sup>7</sup> Hannah Arendt, „Eichmann í Jerúsalem“ Óbirt handrit af þýð. Ólafar Emblu Eyjólfsdóttur. Á frummálinu „Eichmann in Jerusalem“ birtist upprunalega í *Eichmann in Jerusalem: A Report on the Banality of Evil*, Penguin Books Ltd. Registered Offices Harmondsworth, Middlesex, England. 1993. Skst. EJ. 30. mgr.

<sup>8</sup> Hannah Arendt, „Alger yfirráð“, Óbirt handrit af þýð. Ólafar Emblu Eyjólfsdóttur. Á frummálinu „Origins of Totalitarianism“, *Origins of Totalitarianism*, The World Publishing Company, Cleveland, 1962. Skst. AY. 2. mgr.

<sup>9</sup> HC 99-101. Sjá einnig inngang *The Human Condition* eftir Margret Canovan bls. xi

<sup>10</sup> Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, 2008. Skst. KOM.

samfélagsskipan eftir öreigabyltinguna:

Þegar þróunin er komin svo langt á veg, að stéttamismununin er horfin og öll framleiðsla er í höndum samvirkra einstaklinga, tekur ríkisvaldið að týna pólitísku eðli sínu. Pólitískt vald er í raun réttu skipulagt vald einnar stéttar til að sitja yfir hlut annarra. Þegar öreigalýðurinn verður í baráttu sinni við borgarastéttina að sameinast á stéttarvísu, gerist drottnandi stétt í byltingu og afnemur með stéttarvaldi sínu hina gömlu framleiðsluhætti, þá afnemur öreigalýðurinn í sama mund tilveruskilyrði stéttaandstæðnanna. Hann afnemur stéttirnar yfirleitt og afnemur því einnig sína eigin stéttardrottnun.<sup>11</sup>

Hér fer ekki mikið fyrir upphafningu fjölbreytileikans á opinberum vettvangi eða pólitískum athöfnum í anda Hönnuh Arendt. Marx upplýsir okkur í raun um að öreigasamfélagið hafi ekki umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika mannlífsins sem Arendt taldi forsendu hins opinbera vettvangs. Að því leyti felur þessi hugmynd Marx í sér vísi að alræðisskipulagi frá sjónarhóli Arendt.

Arendt sýnir fram á að aðferðafræði þeirra sem stjórna í neytlusamfélaginu og þeirra sem stjórnðu alræðissamfélögum Evrópu fyrir og um miðja síðustu öld eigi sér samnefnara. Niðurstaða hennar í greiningu alræðis var sú að innan alræðissamfélagsins voru þegnarnir sviptir rödd sinni til móttunar samfélagsins rétt eins og þegnar neytlusamfélagsins verða óvirkir og sinnulausir.

### **3. Vinna, framleiðsla og athöfn**

#### **3.1. Hið virka líf**

Bakvið allar pólitískar skoðanir tel ég að búi hugmynd um hvernig samfélagið ætti að vera, sbr. frjálshyggja, sósíaldemókratík, kommúnismi o.s.frv. Arendt aðhylltist enga svona hugmyndafræði um heildarskipun samfélagsins. Henni var umhugað um að til væri vettvangur þar sem fjölbreytileiki skoðana fengi að þrífast og þar sem borgarar gætu rætt saman um málefni ríkisins og markmið samfélags. Þessi nálgun byggir á ákveðnum lögmálum og gildum sem við getum notað svo allar gerðir mannlífsins hafi sama þátttökurétt í samfélaginu. Heimssýn Arendt er ekki einstök á þann hátt að hana megi leggja til grundvallar stjórnsmálaskoðun, hún er eitthvað meira en það. Þegar

---

<sup>11</sup> KOM 206

ég tala um eitthvað meira þá velti ég því fyrir mér hvort Arendt hafi fundið æðra lögmál fyrir lýðræðið á svipaðann hátt og hún taldi hinn sókratíska skóla hafa fundið æðra lögmál fyrir borgríkið þegar þeir uppgötvaðu „að stjórn málin væru ekki vettvangur fyrir allar æðri athafnir mannsins“.<sup>12</sup>

Í fyrsta kafla *Stöðu mannsins* kynnir Arendt til sögunnar nokkur lykilhugtök í stjórnspeki sinni. Helst má nefna *vita activa*, hið virka líf, sem er lífstíll þess sem gerist virkur á hinum opinbera vettvangi. Í kaflanum fer hún hugmyndasögulega yfir það hvernig hið virka líf hefur í kenningum heimspekinga lotið lægra haldi fyrir öðrum lífstíl, lífstíl þess sem hugleiðir, *vita contemplativa*. Við dauða Sókratesar, sem var afleiðing baráttu heimspekinnar við borgríkið, telur hún heimspekinga hafa kosið að halda sér til hlés þegar kæmi að opinberum vettvangi. Þeir gáfust m.ö.o. upp á þeirri pólitík sem felldi lýðræðislega ákvörðun um dauðadóm yfir Sókratesi. Í kjölfarið flúði heimspekin undir áhrifum Platons upp í filabeinsturninn á meðan hinir raunverulega virku þegnar samfélagsins athöfnuðu sig og sköpuðu hinn pólitíska vettvang. Heimspekingar hófu þess í stað að upphefja *hið hugleiðandi líf* og fjölluðu þá því meira um eilífðina, hið ódauðlega eða hið fagra og dæmdu allt veraldarvafstur, stjórn máli og annað grúsk sem líkamlegt erfiði sem allt of náið væri okkar dýrslega eðli Reyndar á þetta ekki við um Aristóteles, en stjórnspeki hans og hugmyndir hans um skipan borgríkisins eru Arendt undantekning frá einhliða áherslu á *vita contemplativa* og einnig á margan hátt mikilvæg fyrirmynd að *vita activa*. Í *Stöðu mannsins* endurvekur Arendt hugtakið þannig að sá sem kys að lifa virku lífi upplifi frelsi til að taka þátt í mótun heimsins. Hún segir heimspekinga hafa vanrækt þetta og lagt ofuráherslur á hugmyndina um hina hugleiðandi heimspekinga sem hafi frelsi til að hugsa í friði frá umheiminum.<sup>13</sup>

Hugum nú nánar að greiningu Arendt á mannlegri virkni sem hún skiptir í þrjá grunvallar þætti: *Vinnu, framleiðslu og athöfn*, sem hún telur vera grunnskilyrði eða einkenni lífsins á jörðinni. Með þessum þáttum á hún við í hverju það felst að vera maður sem ég lít á sem hið nýja lögmál sem liggur að baki alls pólitísku lífs.<sup>14</sup>

---

<sup>12</sup> HC 18

<sup>13</sup> HC 20

<sup>14</sup> HC 12

### 3.2. Þrjár tegundir virkni

Með *vinnu* (eða striti) drögum við fram lífið. Hún er ekki bara að tala um launþegavinnu heldur einnig um allt sem þarf til þess að draga fram lífið og halda því við á hvað hátt sem er. Í hugtakið leggur hún allan þann slagkraft sem vinna felur í sér fyrir mannlega tilvist frá hinu líffræðilega ferli mannlíkamans til hins almenna skilnings um vinnu í skiptum fyrir mat og laun. Án þessa grunnskilyrðis getum við ekki lifað og er staða okkar gagnvart vinnu; lífið sjálft.

Með *framleiðslu* á hún við það sem skapast við vinnuna. Hún talar í þessu samhengi um hið ónáttúrulega við mannlega tilvist og vísar til þess hvernig við sem tegund höfum áhrif á umhverfið. Hún á hér við framleidda hluti mannsins sem skilyrða okkur á hina ýmsu vegu og verða þar með hluti af heiminum. Með framleiðslu tryggjum við *varanleika* heimsins og höldum honum í horfinu fyrir komandi kynslóðir. Okkar staða gagnvart framleiðlunni er því veraldleiki eða heimurinn okkar. Þessi tvö skilyrði eru forsendur hins *virka lífs* en ef við skoðum þriðja skilyrðið sjáum við að án þess höfum við aðeins *líf*.

*Athöfnin* er það sem við gerum utan þess tíma er við vinnum og framleiðum. Staða mannsins gagnvart athöfninni er *fjölbreytileikinn*. Nú kann einhverjum að þykja orðalagið sérstakt en það sem þetta þýðir í raun og veru er að heimurinn er margvíður raunveruleiki þar sem ólíkar gerðir fólks búa saman. Athöfnin sem Arendt talar um felur ekki í sér að vaska upp eða að gefa dýrunum, sem eru sannarlega athafnir í hinum hefðbundna skilningi okkar. Hennar hugmynd um athöfn sem virkni er að koma sinni skoðun á framfæri á opinberum vettvangi:

Athöfn, sú virkni sem ein fer fram manna í millum án meðalgöngu hluta eða efnis, samsvarar stöðu mannsins í ljósi fjölbreytileika, þeirrar staðreyndar að menn, en ekki Maðurinn, lifa á jörðinni og búa í heiminum. Staða mannsins er á allan hátt einhvern veginn tengd pólitík, en þessi fjölbreytileiki er hið sérstaka skilyrði alls pólitísku lífs, ekki aðeins *conditio sine qua non* [nauðsynlegt skilyrði] heldur *conditio per quam* [fullnægjandi skilyrði].<sup>15</sup>

Í huga margra er pólitík lítið annað en karp og hrossakaup þeirra sem vilja stjórna samfélaginu og

---

<sup>15</sup> HC 7

Þetta karp fer fram innan skýrs ramma þingsins eða á bæjarskrifstofum. Flestir vilja þar fyrir utan ekki sjá mikið af pólitík, svona almennt séð. Hér kemur Arendt aftur á móti með ferska sýn og segir að án fjölbreytileika mannsins sé pólitík ekki möguleg. Athafnir eru okkar viðleitni til að bregðast við okkar eigin fjölbreytileika:

Fjölbreytileiki er skilyrði mannlegra athafna vegna þess að við erum öll eins eða, sem sagt, mannleg í þeim skilningi að enginn sem lifir, hefur lifað eða á eftir að lifa er eins og einhver annar.<sup>16</sup>

Við eigum semsagt öll það sameiginlegt að vera ólík og þessvegna þurfum við að sjá til þess að samfélagið rúmi allar fyrirsjáanlegar og ófyrirsjáanlegar tegundir fólks, þarfir þess og menningu. Ég túlka það sem svo að öll viðfangsefni daglegs amsturs *út á við* séu pólitísk. Með því að stilla veruleika mannsins upp á þennan hátt, og ef hennar greining er rétt, er það mikil hvatning að borgarar gerist pólitískt virkir, en forsenda þess er auðvitað að þeir sjái líf sitt í víðara pólitísku samhengi. Við getum lifað á þann hátt að við komumst af á jörðinni án athafna en samkvæmt Arendt er það allt og sumt, því athöfnin er frumkvæði mannsins í náttúrunni sem framar öllu öðru gerir okkur og heim okkar mennskan.<sup>17</sup> Þessi þrískipting mannlegrar virkni getur ruglað fólk í rýminu og mér þótti erfitt í fyrstu að sjá hvert hún væri að fara með þessum endurskilgreiningum á hversdagslegum hugtökum. En þessi hugtök liggja til grundvallar hennar skrifum um pólitík og samfélagið og ætli maður sér að fylgja þráðum og þeimum skrifa hennar er nauðsynlegt að kunna skil á þeim.

### 3.3. Fæðingarleiki

Enn eitt nýyrðið sem Arendt gaf okkur er *Fæðingarleiki*.<sup>18</sup> Fæðingarleiki markar upphaf og endurnýjun samfélags manna og er, eins og gefur að skilja, mótstykki dauðleikans. Við, sérstaklega Vesturlandabúar, erum meðvitað um dauðleika okkar og það er inngróið í hugarfar okkar að lífshlaup okkar snúist um að koma einhverju í verk áður en við deyjum, að skilja eitthvað eftir

---

<sup>16</sup> HC 8

<sup>17</sup> HC 22

<sup>18</sup> HC 8

okkur, verk eða afkomendur. Í óteljandi hugmyndum trúarbragða og heimspekikenna er þungamiðja lífsins þessi endanleiki okkar, Heidegger lagði t.d. til að við þyftum að horfast í augu við eigin dauðleika svo okkur áskotnaðist tilvistarleg alvara.<sup>19</sup> Ef við skoðum þessa mynd úr fjarlægð þá getur manni ekki annað en fundist hún dálítið niðurdrepani. Með fæðingarleikanum prófar Arendt að skoða líf okkar, líf samfélagsins og tegundarinnar frá öfugu sjónarhorni og veltir fyrir sér hvaða áhrif sú staðreynd hefur að sífellt nýir einstaklingar séu að fæðast inn í samfélagið, og þá birtir aðeins til. Nýir einstaklingar merkja ný tækifæri og því er fæðingarleikinn forsenda fjölbreytileikans, sem er kveikja hins pólitíska lífs í formi athafna. Til útskýringar gæti ég sagt að án fæðingarleikans yrði engin fjölbreytni möguleg en fæðingarleikinn er staðreynd eins og dauðleikinn og er tilveran því óhugsandi án fæðingar- eða dauðleika okkar.

Virknirnar þrjár í ljósi okkar fæðingar- og dauðleika gera okkur því kleift að skapa samfélag sem er engu líkt. Með vinnu og framleiðslu viðhöldum við lífinu og heiminum og með athöfnum okkar gerum við sjálfum okkur ljóst að fæðingar- og dauðleikinn veldur fjölbreytileika sem við eigum að nýta til að viðhalda menningu okkar svo einhver dýpt náist í tilverunna. Það má segja sem svo að með áherslu á dauðleikann, endanleikann, skapist vissulega dýpt, en í ljósi fæðingarleikans bætist von við dýptina.

### 3.4. Fjölbreytt samfélag

Arendt telur að pólitíkin geri samfélagið okkar einstakt<sup>20</sup> því með pólitíkinni hefjum við okkur upp fyrir hina líffræðilegu hringrás sem dýrategund og tókumst á við eitthvað stórfenglegt.<sup>21</sup> Samfélag þar sem ekki væri þörf á pólitík væri samfélag án fjölbreytni. Þannig samfélag er í huga Arendt ekki mannlegt í þeim skilningi að mannum er skylt að leggja sig fram um að skapa eins fullkomið samfélag og honum er í blóð borið.<sup>22</sup> Arendt taldi einmitt samfélag alræðisins vera samfélag án fjölbreytni. Ekki einungis verður stjórnsýslan skilvirk og einföld heldur verður þá auðvelt að sigta

---

<sup>19</sup> Martin Heidegger, *Being and Time*, 1996.

<sup>20</sup> HC 178

<sup>21</sup> HC 48-49

<sup>22</sup> HC 49

óæskilega einstaklinga frá samfélaginu, oft með hjálp borgaranna sjálfra. Hún greindi frá því í textanum „Alger yfirráð“ hvernig ógn, ótti, lygar og lýðsskrum báru öll í sama brunninn við að koma á og viðhalda alræðinu og hvernig almenningur er varnarlaus gagnvart áróðursvélum stjórnvalda.<sup>23</sup> Ég ætla ekki að fara mikið ofan í saumana á ógninni og óttanum heldur ætla ég að kanna hugmyndir hennar um hin atriðin, lýðsskrum og lygar og hvernig þau hefta fjölbreytni í lýðræðissamfélögum heimsins. Í skrifum hennar má skynja viðvaranir til Vesturlanda um það hvernig hugmyndir alræðisins um einsleiti getur laumað sér inn í stjórnhætti lýðræðisríkja.

Arendt taldi helstu vörn gegn alræði vera að virkja þegna samfélagsins pólitískt þannig að ákvarðanir stjórnámálanna væru ekki einungis teknar á bak við luktur dyr og raddir allra fái að heyrast. Þó svo að lýðræðisríki nútímans séu ekki að reyna að móta okkur öll með handafli líkt og stjórnvöld þriðja ríkisins gerðu þá eru ýmis teikn á lofti sem gefa til kynna að öfl innan neylusamfélagsins skapi einsleitara samfélag. Hér má nefna sem dæmi baráttuaðferðir fyrirtækja og stofnana í samkeppnisrekstri. Lög um markaðsmisnotkun virðast alltaf fylgja í kjölfar glæpa, en ekki öfugt, þannig að fótgönguliðar auglýsingahyggjunar virðast ævinlega finna nýjar glufur á regluverkinu. Það segir okkur meðal annars að hvötin til að móta okkur í sama formið, í sömu skóna, í sama bílinn og með sama ilmvatnið, sé til staðar. Hún varaði við því að hagsmunapot svokallaðra atvinnustjórnámálanna væri orðið allt of hallt undir lögmál markaðsaflanna<sup>24</sup>, en eins og hið pólitíska landslag á Vesturlöndum hefur þróast eru mörkin milli stjórnmála og viðskipta orðin illilega óljós.

---

<sup>23</sup>AY 7. mgr.

<sup>24</sup>HC 162

### 3.5. Vinnusamfélag

Umfjöllun Arendt um vinnu og neyslu í hennar samhengi um *hið virka líf* snýr eins og gefur að skilja að *vinnu* mannsins eins og hún birtist okkur sem ein af þremur gerðum virkni. Hún er gagnrýnin á samfélag nútímans sem hún kallar *vinnusamfélag* í þeim skilningi að einstaklingarnir skilgreina sjálfa sig og sína stöðu í samfélaginu eftir því hvernig þeir afli sér lífsviðurværis.<sup>25</sup> Ég hef sjálfur tekist á við þetta viðhorf til vinnunar enda er ég tónlistarmaður og oft hef ég þurft að réttlæta tilverurétt minn sem listamaður fyrir fólki sem finnst ég ætti að fara og fá mér *alvöru vinnu*. Arendt greinir þetta viðhorf til listamanna þannig að einungis alvörugefin viðfangsefni geti talist vera vinna á meðan athafnir okkar sem ekki snúast beint að lífsnauðsynjum geti ekki verið annað en leikur eða áhugamál. Alvaran gagnvart vinnunni virðist koma til því fólk virðist leggja hana að jöfnu við alvöru þess að komast af, halda lífi.<sup>26</sup> Í þessu samhengi minnst ég þess er ég vann sem hljóðmaður við Þjóðleikhúsið. Í kaffipásu hóf einn leikmyndasmiðurinn að kvarta undan bágunum kjörum en var stoppaður af yfirmanni sínum sem hélt því fram að þar sem vinnan væri svo skemmtileg ætti hann að líta á skemmtanagildið sem ríflega launhækkun. „Ef það er gaman í vinnunni skipta launin ekki máli“. Ágætis lífsviðhorf sem ég held samt að eigi ekki heima sem viðmið við gerð kjarasamninga. En viðhorfið er staðfesting á tíðaranda vinnusamfélagsins og þeirri trú að ekki þurfi að borga á meðan maður skemmtir sér, því þá er maður strangt til tekið ekki að vinna. Það er skondið að bera þessar hugmyndir saman við hugmyndir Marx sem af sama tilefni, eða þannig, sagði: „Í sama mæli og viðbjóður vinnunar eykst, í sama mæli lækka launin.“<sup>27</sup> Á einhvern súrrealískan hátt eru bæði sjónarmiðin í takt við veruleika vinnusamfélagsins.

Arendt taldi *vinnusamfélagið* vera aðra hlið *neyslusamfélagsins* sem einangrar þegnana inni á einkavettvangi heimilisins.<sup>28</sup> Arendt taldi að virkt samfélag hvíldi fyrst og fremst á fjölbreytileika mannfólksins og því er einsleitnin sem skapast vegna vinnunnar/neyslunnar skaðleg.

---

<sup>25</sup> HC 126

<sup>26</sup> HC 127

<sup>27</sup> KOM 185

<sup>28</sup> HC 126



Í eftirmála *Uppruna Alræðis (The Origins of Totalitarianism)*<sup>29</sup>, greinir hún ungversku byltinguna 1956 og aðferðir sovéskra yfirvalda til að ná aftur völdum. Þar lýsir hún því hvernig yfirvöld upprættu til að byrja með vettvang aðgerðasinna áður en þau rifu niður samstöðu menntamanna, en enduðu á því að leysa upp samstöðu verkamanna. Þessi aðferðafræði var engin tilviljun og ástæða þess að yfirvöld yfirbuguðu hina vinnandi stétt síðast var sú að þaðan kom minnsta ógnin:

Þar sem líkamleg vinna og að afla sér lífsviðurværis, líkt og öll strangt til tekin efnahagsleg viðfangsefni, eiga rætur að rekja til nauðsynja, lífs-nauðsynja, var ekki talið líklegt að kröfur um aukin réttindi vettvangsins myndu nokkur tíma leiða til frelsishugsjónar.<sup>30</sup>

Rétt eins og veruleiki hinnar undirokuðu verkamannstéttar alræðisríkja er nátengdur hinu líffræðilega ferli mannsins taldi hún neytlusamfélagið ófært um að veita yfirvöldum mótspyrnu eða aðhald. Það má því segja að hinn vinnandi maður sé einangraður í lífsbaráttunni og því blindur á möguleika og fjölbreytileika heimsins.

Með skrifum hennar sér maður að þótt aðferðir nasista og Stalínista hafi verið með þeim hætti er hún lýsir, þá eru fjölmargar leiðir að samfélagsskipan sem allar eiga það sameiginlegt að vinna gegn fjölbreytni og skoðanaskiptum. Af þeirri ástæðu leggur Arendt alla áherslu á fjölbreytileika mannsins vegna „þeirrar staðreyndar að menn, en ekki Maðurinn, lifa á jörðinni og búa í heiminum“.<sup>31</sup> Það sem neytlusamfélagið og alræðissamfélagið eiga sameiginlegt er að þegnarnir láta ekki að sér kveða, en þannig samfélag getur ekki miðlað fjölbreytileika. Munurinn er auðvitað sá að alræðisstjórnin sviptir borgara röddinni með valdi<sup>32</sup> á meðan þegar neytlusamfélagsins láta sér bara fátt um rödd sína finnast.

---

<sup>29</sup> Hannah Arendt, *The Origins of Totalitarianism*, The World Publishing Company, 1958, Albany. Skst. OT.

<sup>30</sup> OT 502

<sup>31</sup> HC 8

<sup>32</sup> Og þínir þig og fjölskyldu þína, útrýmir þjóðarbrotum og reynir að sölsa undir sig heiminn með öllum tiltækum ráðum, sama hversu ógeðsleg þau eru.

## 4. Neysla menningar

### 4.1. Menningarkrísan

Önnur virkni mannsins, *framleiðsla*, snýst að mestum hluta um sköpun og menningu. Í greininni „Menningarkrísan“ („The Crisis in Culture“) segir Arendt að frá upphafi 20. aldarinnar hafi menningarheimurinn stökkbreyst frá því sem hún kallar *gullöld hins góða og milda samfélags í múgsamfélagið*.<sup>33</sup> Umskiptin rekur hún til iðnbyltingarinnar sem gaf múgnum frítíma og bætt lífsgæði. Þannig fæddist því önnur tegund menningar, *múgmennning*, sem hefur þann tilgang að skemmta múginum á milli þess sem hann sefur, borðar og vinnur. Í samfélagi góðborgarans eignaði yfirstéttin sér list og menningu og notaði sem stöðutákn til að gorta sig af og til að slá um sig opinberlega. Þannig kom yfirstéttin í veg fyrir möguleika lægri stétta á að komast í snertingu við eða að verða fyrir áhrifum af menningarverðmætum. Þótt við umskiptin yfir í múgmennninguna mætti segja að ákveðin hnignun hafi átt sér stað þá færði breytingin menningu og menningarlíf aftur til fólksins, en gallinn var sá að múgmenningin snýst að mestu leyti um afþreyingu og er hluti af neyslusamfélaginu.<sup>34</sup> Þar sem afþreyingariðnaðurinn hefur svo gríðarlegan skriðþunga þá taldi hún raunveruleg menningarverðmæti eiga á hættu að afbakast og skemmast. Raunveruleg menningarverðmæti eru samkvæmt Arendt sköpun mannsins sem lifir manninn sem einstakling og er hluti af varanleika heimsins og segir að: „Menning tengist hlutum og er fyrirbæri heimsins; afþreying tengist fólki og er hluti af lífinu”.<sup>35</sup> Henni þótti illa farið með verðmætin inni á heimilum hinna ríku til þess eins að staðfesta ríkidæmi með sýndarmennsku, en þó telur hún góðborgurum Evrópu til tekna að þeir *neyttu* ekki listaverkanna þannig að þau hyrfu inn í eilífa hringrás neyslusamfélagsins.<sup>36</sup>

---

<sup>33</sup> Góða samfélagið var þó ekkert sérlega gott, heldur var hún með nafngiftinni að vísa í samfélag góðborgarans og nostalgíu nokkurra menningarvita. CC 198

<sup>34</sup> CC 205

<sup>35</sup> CC 208

<sup>36</sup> CC 207

## 4.2. Veraldleiki

Með aukinni afþreyingarmenningu taldi Arendt líkur á að borgararnir myndu lamast og hætta að taka þátt í mótun samfélagsins og þ.a.l. í mótun heimsins. Menning neyslunnar hefur hið praktíska hlutverk að skemmta og hefur því ekki varanleikann til að geta af sér heim:

-jafnvel tjöld hirðingja –geta þjónað sem heimili þeirra sem lifa í það og það skiptið á jörðinni; en það gefur alls ekki til kynna að þannig fyrirkomulag geti af sér heim, hvað þá menningu. Þetta jarðneska heimili verður að heimi í bókstaflegum skilningi aðeins þegar heildarmynd framleiddra hluta verður svo skipulögð að hún geti staðist lífsferli neyslu þeirra sem í heiminum dvelja, og lifað þá.<sup>37</sup>

Menning, list eða afrek á pólitíska sviðinu skapa varanleika heimsins því þau lifa áfram sem kennileiti í sögunni sem við getum sótt innblástur í eða borið saman við nútímann. Arendt taldi múgsamfélagið blindað af dægurmenningu og neyslu sem vinnur gegn varanleika og fjölbreytileika og fari sem horfir munum við ekki eiga til stoðir menningarinnar sem þarf til að byggja hið virka samfélag sem hvílir á fjölbreytni mansins. Arendt talar samt ekki niður þörf okkar til skemmtunar og afþreying sem slík er að hennar mati ekki slæm. Hún telur múgmenninguna þrátt fyrir allt endurspeglar tíðarandann og virkur einstaklingur á ekki að sýna af sér þann hroka að afneita henni.<sup>38</sup> Þannig einstaklingur einangrast frá samfélaginu og getur tapað getunni til að eiga samskipti við fólkið í kringum sig.

Sannleikurinn er samt sá að allt of margir takast ekki á við raunveruleikann að neinu marki heldur lifa og hrærast í neytlusamfélaginu og telja sig ekki hafa burði til þess að taka þátt í mótun samfélagsins. Arendt segir að listin, menningin og pólitíkin séu samtvinnuð fyrirbæri og að eitt geti ekki lifað án hinna.<sup>39</sup> Heimur okkar hvílir sum sé á þremur stoðum í hinu virka samfélagi. Stoðirnar eru menning, listir og pólitík sem allar eru sköpun mannsins. Þær sækja innblástur í hverja aðra og viðhalda hvorri annarri sé þeim sinnt með réttu viðhorfi. Þannig eru menningarlíf og menningar-afurðir okkar mikilvæg vopn í baráttunni gegn einsleitni. Arendt varaði við því að neysluhyggjan og markaðslögmálin myndu gleypa hinn opinbera vettvang mannsins með þeim afleiðingum að ríkið

---

<sup>37</sup> CC 210

<sup>38</sup> CC 206

<sup>39</sup> CC 211

yrði ofurselt gildum og markmiðum fjármagnseigenda.<sup>40</sup> Fáí samfélag að grassera á þann hátt að við smættum tilveru okkar niður í það hvernig við öflum okkur viðurværis og viðhöldum lífi okkar með eyðslu þess sem við öflum, missum við veraldleikann, þ.e. möguleikan á að skapa heim.<sup>41</sup>

## 5. Vandi stjórnmalana

### 5.1. Í skugga leikfléttunnar

Þriðja og síðasta virkni mannsins er *athöfnin*. Athafnir mannsins eru að koma skoðunum hans á framfæri, að vera pólitískt virkur.

Sem manneskjur höfum við mikla þörf fyrir að tilheyra hópnum. Okkar eðli er að fylgja hjörðinni og sagan hefur sýnt okkur að sennilega sé þessi eðlishvöt yfirsterkari þörf okkar á réttlæti og sannleika. Það skiptir í raun ekki máli hvaða vettvang við höfum fyrir augum, skóla, vinnustaði, fangelsi, félagasamtök eða senur listar og sköpunnar, allstaðar finnum við hópamyndanir. Hið sama er uppi á teningnum þegar kemur að pólitík. Flestir velja sér flokk eftir kúnstarinnar reglum<sup>42</sup> og halda sig svo við þann flokk hvað sem tautar og raular.

Okkur þykir gott að tilheyra ákveðnum hóp og því virðist sem öryggið sem það veiti okkur vegi þyngra en flestir atburðir eða ákvarðanir sem forysta flokksins sem við tilheyrum tekur. Því miður gengisfellum við þannig hlutverk stjórnmalanna því viðfangsefni þeirra eiga að að vera handleikin með rökhugsun og skynsemi, en ekki tilfinningarökum og leikaraskap eða af því við höldum með einhverjum. Óskastaða pólitíkur í samfélaginu gerir ráð fyrir því að kjósendur taki upplýsta afstöðu til málefna og flokka. Þannig gera stjórnmal, eða ættu að gera, kröfu um að einstaklingar felli ekki dóma nema að vel athuguðu máli, og þannig eigi samfélagið að vera fært um að komast að helstu niðurstöðum og ákvörðunum sjálfs síns vegna án ofbeldis, lyga og kúgunar.

Ég trúi því að í hversdagsleikanum fellum við lítinn dóm um heiminn í hvert skipti er við tökum ákvörðun eða framkvæmum. Við bregðumst við því að heimurinn sé á eina vegu en ekki aðra

---

<sup>40</sup> HC 68-69,162-163

<sup>41</sup> HC 255-256

<sup>42</sup> Mín reynsla er sú að flestir kjósi það sem pabbi kys.

og þegar einhver lýsir fyrir okkur heiminum eins og við sjáum hann, þá teljum við viðkomandi vera að segja sannleikann. Þær skoðanir sem við höfum á fólki, bíómyndum og tónlist byggja á reynslubanka okkar af því sem við teljum vera raunsannindi.

Stjórnsmál snúast um samfélagið og er okkar viðleitni til að skapa réttlátan heim. Nú eru skiptar skoðanir um það hvernig þessu réttlæti er best komið á og einnig hvað nákvæmlega þetta réttlæti eigi að vera og þannig takast mismunandi öfl á í samfélaginu í formi stjórnsmálaflokka. Til grundvallar öllum stjórnsmálaskoðunum liggur, rétt eins og við hverja hversdagslega athöfn, dómur um heiminn og fólkið sem í honum býr. Þeir sem hallast til hægri telja þá heiminn vera stað þar sem einstaklingarnir geti búið í sátt og samlyndi án of mikilla afskipta ríkisvaldsins. Samvinna fólks byggir á því að hver og einn gæti sinna hagsmuna en þeir sem beita lygum og ofbeldi útilokast sjálfkrafa frá samfélaginu einfaldlega vegna þess að lang stærsti hluti mannkyns er réttlátur og góður. Vinstrimenn telja sig aftur á móti búa í heimi þar sem náttúrulegur ójöfnuður muni ávallt enda með því að afnot af auðlindum og beiting valds bitni á þeim sem veikari eru og því þurfi að halda þessum ójöfnuði og ofbeldi niðri með hjálp ríkisvaldsins, annars tekur græðgi og siðspilling völdin í heiminum sem kaffærir hina réttlátu.<sup>43</sup> Hér eru á ferðinni tvær ólíkar skoðanir á heiminum sem báðar byggja á að því er virðist sömu raunsannindunum sem forsendum. En það er mikill munur á sannleika og skoðun og þegar stjórnsmál eru annars vegar kemur í ljós að sá sem er góður í stjórnsmálum vinnur fáa eða enga sigra með því að segja bara sannleikann.

Umfjöllun fjölmiðla um pólitík er lýsandi dæmi um þennan vanda. Þar eru stjórnsmálafræðingar oft kallaðir fram til að meta frammistöðu stjórnsmálamanna í samhengi við einhverja leikfléttu á meðan eiginlegt innihald umræðunnar fer fyrir ofan garð og neðan. Þannig færast umræðan inn á fyrirfram mótaðar brautir valdablokkanna og fjölmargir kimar samfélagsins verða útundan og engu líkara en að þeir hafi og muni aldrei vera til. Hér blasir við að fjölbreytileiki manna á ekkert erindi í pólitíska umræðu við núverandi ástand.

---

<sup>43</sup> Ég tek fram að hér er mikil einföldun á ferð en hugsunin ætti að komast til skila.

## 5.2. Á sannleikur heima í stjórnámum?

Raunsannindi eru vísanir í atburði sem hættulegt getur verið að hvíla á í blindni við skoðanamyndun vegna óþreytandi (eða á ég að segja óþolandi) tilhneigingar okkar til að túlka allt í samhengi við hagsmuni og tilfinningar. Aftur á móti höfum við ekkert annað tól til ályktana og því þarf að vanda til verksins eigi raunsannindi að vera forsendur skoðanna. Ef hinn pólitíski vettvangur hefur ekki burði til þess að umræður, skoðanir og upplýsingar séu mótaðar á vandvirkan og heiðarlegan hátt, þá get ég ekki ályktað öðruvísi en svo að samfélagið hvíli á lygum.

Í textanum „Sannleikur og stjórnám“ („Truth and Politics“) gagnrýnir Arendt atvinnustjórnámamenn og fulltrúalýðræðið í þessu ljósi, sem er um leið forsenda kröfu hennar um nauðsyn virks vettvangs borgara sem tekur tillit til eða byggir á fjölbreytileika manna.

Atvinnustjórnám eru bundin á klafa hagsmunabaráttu og hrossakaupa. Ég held þessu fram og tel mig ekki þurfa að rökstyða það frekar. Þessa skoðun var ég búinn að mynda mér löngu áður en ég hafði heyrt minnst á Arendt eða nokkurn annan pólitískan heimspeking.

Við upphaf textans segir Arendt:

Enginn hefur nokkru sinni dregið í efa að sannleikur og stjórnám eiga frekar illa saman og enginn hefur svo ég viti til talið sannsögli til pólitískra dygða. Lygar hafa alltaf talist nauðsynleg og réttlæt看leg verkfæri, ekki aðeins stjórnámamannsins eða lýðskrumarans heldur einnig embættismannsins. Hvernig stendur á því? Og hvað segir það annars vegar um eðli og tign stjórnámala og hins vegar um eðli og tign sannleikans og heiðarleikans? Er sannleikurinn í eðli sínu getulaus og liggur það í eðli valdsins að blekkja? Og hvað er sannleikur yfir ef hann er máttlaus á opinberum vettvangi, sem framar öllum sviðum mannlífsins tryggir raunveruleika tilvistarinnar í augum borinna og dauðlegra manna, þ.e.a.s. í augum vera sem vita að þær hafa orðið til eftir að hafa ekki verið til og munu aftur hverfa til þess að vera ekki til? <sup>44</sup>

Sannsögli á að sjálfstöðu að teljast til pólitískra dygða og andspænis kjósendum halda stjórnámamenn því auðvitað fram að svo sé. En athafnir þeirra bera samt vott um nóturlegri veruleika. Vandí stjórnámanna í dag snúa ekki að röksannindum sem eru sannindi sem sköpuð eru af mannshuganum, eins og lögmál og jöfnur rökfræðinnar bera vitni um. Þegar Arendt talar um

---

<sup>44</sup> SS I. hluti 1. mgr.

sannleikann á hún við þá athöfn „að segja það sem er“.<sup>45</sup> Sannleikurinn sem hér um ræðir er raunsannindi, sögulegar staðreyndir og niðurstöður byggðar á aðleiðslu. Þetta eru frásagnir sem auðveldlega má ýta út af borðinu hafi maður á annað borð vald til þess. Stjórnmalaflokkur við völd sér t.d. hag sinn í því að ýta út af borðinu þeirri staðreynd að háttsettur einstaklingur í ríkisstjórn hafi þegið mútur frá stærsta viðskiptabanka landsins. Mannshugurinn er varla fær um að skapa þessa vitneskju upp á sitt einsdæmi. Arendt taldi að án getu okkar til þess að vitna um veruleikann eins og hann blasir við okkur, þá gröfum við undan stöðugleika og varanleika heimsins.<sup>46</sup> Ástand stjórnmalanna hefur staðið á þennan hátt svo lengi, kannski frá byrjun, að allur vettvangurinn er í raun ótengdur raunveruleikanum og því hættur að leggja nokkuð uppbyggilegt til sköpunar heimsins. Hún spyr hvort það liggi í eðli valdsins að blekkja? Þetta er stór spurning sem engan langar að svara játandi því ef við erum ekki fær um að ræða raunveruleikann, ef valdið kemur í veg fyrir eða afbakar sannleikann, þá er sannleikurinn svo sannarlega getulaus. Og ef það er ekki sannleikurinn sem skilgreinir veröldina, þá er það eitthvað annað afl sem gerir það, og með blekkingum.

### 5.3. Lygar og skoðanir

Eins og svo margir textar Arendt er „Sannleikur og stjórnmal“ eins og seigfljóttandi Egilsþykkni. Um hverja málsgrein mætti skrifa ritgerð en heildarmynd hennar er rökgreining á vanda stjórnmalanna gagnvart sannleika og lygum sem hlýst af þeirri staðreynd að til að halda völdum þarf fjöldinn að vera þinnar skoðunnar. Hún vísar í James Madison :

„Allar ríkisstjórnir hvíla á skoðunum,“ sagði James Madison og ekki einu sinni einráðasti leiðtogi eða harðstjóri gæti nokkru sinni komist til valda, hvað þá haldið þeim, án stuðnings þeirra sem deila skoðunum hans.<sup>47</sup>

---

<sup>45</sup> SS I. hluti 3. mgr.

<sup>46</sup> SS I. hluti 3. mgr.

<sup>47</sup> SS II. hluti 2. mgr.

Með þessu bendir hún á að þar sem stjórn málin snúast um skoðanir þá hringsnýst allur vettvangurinn í kringum lygar, mælskulist og múgsefjun. Sá flokkur sem á sér flestar skoðanasystur eða -bræður fær flestu atkvæðin og þá skiptir ekki máli hvort við séum að skoða málin almennt, við fylgisaukningu stjórn málaafls, eða við baráttu um ákveðið málefni eða túlkun á afleiðingum tiltekins atburðar eða athafnar. Valdhafar þurfa þó oft að bregðast við sannleikanum, stundum takast þeir á við hann, sem þrátt fyrir allt er óvæginn og óbreytilegur. Stjórn málamaður í baráttu við harðstjórnarafl sannleikans verður að leika af hörku sem endar oftast í örvæntingu sem bitnar á saklausum þegnunum.

Hún telur mikilvægt við tryggingu varanleika heimsins að við fáum að segja og upplifa sannleikann. Annars lifum við ekki í raunveruleikanum, heldur í skoðun. Ótal dæmi úr íslenskum raunveruleika sýnir okkur að orkan og tíminn sem fer til spillis við spuna lygavefsins er ógurlegur, því sannleikurinn getur komið fyrirvaralaust upp á yfirborðið og valdið fjaðrafoki og fjölmiðlasturlun í marga mánuði. Kosturinn við ferlið sem við höfum einhverra hluta vegna sætt okkur við er sá að uppljóstranir valda endurnýjun en án hennar sitjum við uppi með eiginlegt einræði. Þessvegna sitjum við uppi með mótsagnarkennt lýðræðiskerfi sem getur ekki virkað mikið lengur inn í framtíðina. Til langtíma litið erum við því að sjá fram á veröld sem er ekkert annað en skugginn af sjálfri sér því valdhafarnir með öllu bákningu sem þeim fylgir hlaða lygum ofan á skoðanir og túlkanir en það vinnur gegn varanleika heimsins. Upp úr rústum þannig heims er ekki líklegt að fagur Fönix fæðist.

#### **5.4. Afstæði sannleikans**

Arendt leggur eins og áður hefur komið fram mikla áherslu á þátt raunsanninda sem bæði forsendu þess að samfélagið þróist og mótist og einnig sem nauðsynlegan bakhjarl pólitískra skoðana:

„M.ö.o., raunsannindi upplýsa pólitíska hugsun alveg eins og röksannindi upplýsa heimspekilega



hugsun.”<sup>48</sup> Greinin „Sannleikur og stjórnámál” vekur upp spurningar eins og til að mynda hvort hafi komið á undan, skoðunin eða stjórnámálamaðurinn. Er nokkur möguleiki á að finna lausn á vanda stjórnámálanna án þess að enda í kviksyndi afstæðis?

Hún tekur fram í byrjun greinarinnar að hún sé ekki að ræða spurningar um sannleikann með augum þekkingarfræðinnar:

Vegna þess að við höfum áhuga á að vita á hvern hátt pólitískt vald er fært um að skaða sannleikann tökum við þessi mál til athugunar af pólitískum fremur en heimspekilegum ástæðum og getum þess vegna leyft okkur að horfa framhjá spurningunni um hvað sannleikur sé og látið nægja að ganga út frá þeirri hversdagslegu merkingu sem er lögð í orðið.<sup>49</sup>

Með því að slá þennan varnagla má ætla að við náum að sveigja framhjá efahyggju-pollinum en ég get ekki annað, þó það sé ekki nema vegna sjálfs míns, en reynt að byggja einhvers konar brú yfir pollinn í eitt skipti fyrir öll.

Arendt kryfur ástand pólitíkur niður í frumeindir með áleitnum spurningum um sannleikann og hvernig og hvaða áhrif það hefur á samfélagið, sem hún hefur einnig krufið og rannsakað. Ef hennar greining á að geta staðið óhöggðu þá hlýtur að koma að því að einhver skoði tækin sem hún notar. Í hvert skipti sem maður les greinina dettur maður niður á nýjan vinkil og rökgreiningarfiðringurinn hríslast um mig þegar hún greinir hugtök eins og sannleika, skoðun og rök- og raunsannindi í pólitísku samhengi. Spurningar um tilvist þeirra, möguleika, eðli og áhrif á stjórnámál og samfélag manna eru sérstaklega heillandi þegar ályktað er með verkfærunum sem um ræðir. Einhver myndi gagnrýna viðleitnina einmitt fyrir það eitt að hún skuli skoða og álykta um getuleysi sannleikans vegna óreiðanleika skoðunarinnar, sem er auðvitað ekkert annað en skoðun, og því strandar málið allt á hringavitleysu efahyggjunar, sem er hundleiðinlegt. En með því að beita umtöluðum verkfærum, sem við notum á veruleikann og til að skilja heiminn, á sjálf verkfærin gengur það þá og því aðeins upp ef við áttum okkur á lykildreytunni í jöfnunni; *okkur sjálfum*. Það erum nefnilega við sem beitum verkfærunum. Þau gera það ekki sjálf, ekki frekar en að byssur taki

---

<sup>48</sup> SS II. Hluti 9. mgr.

<sup>49</sup> SS. I. Hluti 5. mgr.

upp á sitt eindæmi að drepa fólk. Smiðurinn notar stundum hamar til að laga hamar og við eigum og getum notað sannleikann til að skoða og laga sannleikann. Við samþykkjum það að pólitískar skoðanir okkar byggist á því hvernig við sjáum heiminn og almennt er talið að siðferðilegir mælikvarðar fólks byggi á sömu nálgun. Ef við gerum okkur ekki grein fyrir því hvernig það gerist, ef við ræðum ekki afleiðingar mismunandi tegunda fullyrðinga og skoðanamyndunar þá tel ég að athafnir okkar missi gildi og tilgang og heimurinn verður þá að einhverskonar sullumbulli.

Þessar umræður verða að standast allar árásir skörpustu rökgreiningarheimspekinnar því það er í skjóli hennar sem við leggjum niður línur og byggingarefni heimsins. Þessvegna tel ég að Arendt þurfi ekki að tala um sannleikann á hversdagslegum nótum þegar hún er að rýna í kjarna samfélags manna. Það er ekkert hversdagslegt við það.

### **5.5. Dómur um heiminn**

Barátta pólitíkur við sannleikann, sem hún segir að kippi raunveruleikanum, og þ.a.l. varanleika heimsins, úr sambandi við stjórnkerfið og stjórnkerfinu úr sambandi við fólkid hefur að mínu mati hrikalegar afleiðingar. Ég minntist hér að framan á dóm okkar um heiminn í hvert sinn er við myndum okkur pólitíska skoðun. Þessi dómur okkar samsvarar að einhverju leyti heimsmynd eða heimssýn. En eins og Arendt bendir okkur á þá er hinn pólitíski vettvangur gegnsýrður af lygum og lýðskrumi. Hvernig getur maður þá mögulega verið þess fullviss um að flokkakerfið og fulltrúalýðræðið sé traustsins vert? Dómarnir sem liggja að baki hinni pólitísku skoðun eru marklausir ef vettvangurinn sem skoðunin sækir í er marklaus. Ef svo er þá getum við ekki verið fullviss um að okkar pólitísku skoðanir gangi í takt með raunveruleikanum eða hvort raunveruleikinn yfir höfuð sé „raunverulegur“. Arendt malar sannarlega dökka mynd af ástandinu og gefur vettvangi atvinnustjórn mála falleinkun en þrátt fyrir allt telur hún að sannleikurinn eigi málsvara í hinu pólitíska samhengi. Í niðurlagi kaflans tekur hún fram að þær ópólitísku stofnanir eins og réttarkerfið, fjölmiðlar og æðri menntastofnanir leitist eftir megni að fara rétt með

sannleikann og sannsögli því „stjórn málin hafa lært að viðurkenna, í það minnsta í þeim ríkjum sem lúta stjórnarskrá, að jafnvel þótt til átaka komi sé mikilvægt að til séu menn og stofnanir sem þau hafa ekki á valdi sínu.“<sup>50</sup>

## 6. Íslensk pólitík

Hið svokallaða fjórflokkakerfi hér á landi hefur löngum verið gagnrýnt fyrir sundrunu samfélagsins og foringjahollustu, seinagang, sýndarmennsku og hagsmunapot. Mér þykir það ekki óeðlileg krafa að ætlast til þess að þeir sem deili skoðunum um sértæk málefni geti unnið saman að þeim lausnum sem eru í boði. Málefni eru oft hvorki hægri- eða vinstri-mál. Fólk er hægri- eða vinstri-sinnað og vinstri- og hægrimenn komast í mörgum tilvikum að sömu niðurstöðu. Sem dæmi um það er umræðan um Evrópusambandið og margir hægrimenn styðja græna uppbyggingu atvinnulífs frekar en stóriðju og ég veit að innan allra flokka finnast femínistar. Áður en ég verð sakaður um ofeinföldun þá geri ég mér grein fyrir því að þó við fyrstu sýn séu flokkar beggja vegna miðju sammála um hin ýmsu mál þá liggur til grunvallar heildarstefna hvers flokks fyrir sig og þær eru ólíkar. Sjálfstæðismenn og V.G. eru sammála um andstöðu við Evrópusambandið en rök hvors flokks fyrir sig eru ólík. V.G. er yfir höfuð á móti kapítalískum valdablokkum á meðan Sjálfstæðismenn, sem hægrimenn, telja að valdablokkir leiði til bætts efnahags og skapi hagvöxt en óttast að þessi tiltekna valdablokk Evrópusambandsins muni gleypa Ísland svo ekkert yrði eftir af kökunni fyrir íslenskt atvinnulíf að moða úr.

Vettvangur íslenskra stjórn mála þar sem liðsskiptingin setur manneskjur annað hvort með eða á móti tillögum ríkisstjórnar, burtséð frá því hverjar þær eru, mun að mínum dómi endanlega kljúfa þjóðina í herðar niður. Það er mikill þrýstingur úti í samfélaginu um breytingar en hættan sem vofir yfir er að gamla valdakerfið muni stýra ferlinu þannig að breytingarnar muni einungis eiga sér stað á yfirborðinu, en undir niðri haldi valdablokkirnar áfram sínu og taflið heldur áfram

---

<sup>50</sup> SS. V. Hluti 3. mgr. Réttmæti þessarar fullyrðingar hefur verið rækilega sannað með hinu íslenska kerfishruni. Þennan texta las ég fyrst árið 2007. Lýsing Arendt á hinu mikilvæga hlutverki ópólitískra stofnana í lýðræðissamfélagi vakti hjá mér óhug því ég vissi að valdhafar á Íslandi væru að þverbrjóta þessi viðmið. Til dæmis með vafasömum ráðningum inn í ráðuneyti og skipun í hæstarrett í stjórnartíð og síðar í anda Davíðs Oddssonar.

óhikað. Ýmis batamerki er þó að finna eins og til dæmis að innan flokkanna eru línurnar flæðandi.

Það er samstaða um ótal mál sem hægt væri að koma í framkvæmd strax í dag en vegna sundrungar liggjum við í forarpytti reiðinnar og sjáum ekki skóginn fyrir trjánnum.

Í inngangi bókarinnar *Contemporary Political Philosophy – An Introduction*,<sup>51</sup> talar höfundurinn Will Kymlicka um þennan þráláta klofning stjórnmála. Þetta ástand kallar hann hina hefðbundnu mynd stjórnmálanna sem ég held fram að sé hin undirliggjandi kerfisvilla pólitíska litrófsins sem við búum við í dag:

Hefðbundna myndin gefur til kynna að á bak við mismunandi kenningar séu mismunandi grunngildi; ástæða þess að hægri- og vinstrimenn deila um kapítalisma er sú að vinstrimenn trúa á jafnrétti en hægrimenn á frelsi. Þar sem deilan snýst um grunngildi, þá er ómögulegt að rökræða málið frekar. Vinstrimenn geta haldið því fram að ef þú trúir á jafnrétti, þá ættirðu að styðja sósíalisma; og hægrimenn geta sagt að ef þú trúir á frelsi þá ættirðu að styðja kapítalisma. Það er engin leið að halda því fram að jafnrétti sé framar frelsi, eða að frelsi sé framar jafnrétti þar sem þetta eru grundvallar-gildi, sem höfða ekki á sama hátt til fylkinganna beggja.<sup>52</sup>

Þeir sem telja sig búa í slíkum heimi, og þá á ég sérstaklega við þá sem hafa atvinnu af pólitík, hafa hér sterkan og skýran ramma til að vinna eftir. Þessi smættun gerir það að verkum að litrófinu er skipt í tvo liti með svo mikilli skerpu að réttast væri að kalla það svart-hvítt. Þessi einföldun á ástandi stjórnmálana er að sjálfsögðu fráleit og ég held að flestir geri sér grein fyrir því. Á sama tíma virðast þeir sem að málinu koma álykta sem svo að þar sem átökin um grunngildin verði aldrei til lykta leidd sé óþarfi að ræða málin frekar. Þá halda átökin bara áfram í formi hrossakaupa og hagsmunaaðrekstra. Séð með augum Arendt er þetta ástand óþolandi því engin von er til þess að hér fái að rísa eða vaxa vettvangur í nafni fjölbreytninnar. Kymlicka lætur þó ekki staðar numið hér heldur leggur hann til með hjálp Ronald Dworkin að allir stjórnmálaflokkar sem vilji láta taka sig alvarlega reyni að höfða til jafnréttis sem grunngildi samfélagsins. Þó er hann ekki að tala um jafnrétti eins og við þekkjum út frá skilgreiningum félagshyggjunnar heldur sem rétti þegnsins til þess að tillit sé tekið til hans, þ.e. að stjórnvöld komi eins fram við alla þegna:

---

<sup>51</sup> Will Kymlicka: *Contemporary Political Philosophy*, Clarendon press, Oxford, 1997. Skst CPP.

<sup>52</sup> CPP 2

Að mati Dworkin hafa allar pólitískar kenningar, sem mark er takandi á, sama grunngildið, sem er jafnrétti. Þetta eru allt 'jafnréttis'-kenningar. Tilgátan er greinilega ósönn ef við með 'jafnrétti' erum að ræða um jafnrétti sem jafna dreifingu tekna. En til er önnur, sértækari hugmynd um jafnrétti í pólitískum kenningum- nefnilega, hugmyndin um að koma jafnt fram við alla.<sup>53</sup>

Þannig er ætlast til þess að stjórn málflokkar rökstyðji sína stefnu í ljósi þessa jafnréttis og svo verði það kjósendur sem ákveði hver höfði best til þeirra eigin skilnings á sínum jafnréttindum. Þessi nálgun er hugsuð í anda Arendt. En hugmyndin um fjölbreytileikann þarf þó að ganga lengra inn í kerfið svo einhver raunveruleg breyting eigi sér stað. Í raun þyrftu stjórnálamenn að gangast við fjölbreytileikanum og leyfa hinum ólíku röddum samfélagsins að heyrast. Hér þarf einnig liðsstyrkur fjölmiðla að koma til en vegna eignarhalds á þeim hafa þeir ekki getað sinnt hlutverki sínu sem skyldi. Ef við skoðum þessa umræðu í ljósi hins pólitíska ástands á Íslandi þá hlýtur algert forgangsatriði að vera skipun stjórnlagabings.

Þegnarnir þurfa að finna að á þá sé hlustað. Hér finnur fólk aftur á móti fyrir miklu bjargarleysi sem kemur til vegna taumlausrar neyslumenningar sem hefur ýtt okkur frá hvort öðru í innbyrðis samkeppni og myndað tortryggni. Bjargarleysið kemur líka til vegna þess að hér hefur enginn vettvangur verið skapaður sem sátt ríkir um. Með stjórnlagabingi væri hægt að mynda virkar boðleiðir, t.d. frjáls félagasamtök og/eða hagsmunasamtök minnihlutahópa sem nái eyrum samfélagsins. Hið nýja jafnrétti yrði gríðarlegt framfaraskref fyrir pólitíska umræðu en það missir marks ef vettvangurinn er ekki til staðar. Hægrimenn geta svarað kallinu þannig að þeirra stefna taki jafnt tillit til allra þegna samfélagsins með því að liðka fyrir atvinnulífinu og þannig tryggi þeir atvinnu. Vinstrimenn geta sagt að þeirra stefna taki tillit til allra með því að efla velferðarkerfið. Nálgun Kymicka og Dworkins leggur til sameiginlegt grunngildi svo hin fjölbreyttu öfl hafi sértækari grundvöll til að takast á en þau þurfa samt að svara fyrir það hvernig þau ætli sér að framkvæma hugmyndir sínar með verkfærum ríkisins. Hér ber helst í milli um hver skilningur hægri og vinstrimanna sé á eðli ríkisvaldsins, en til þess að fjölbreyttur vettvangur fái að njóta sín þarf sátt að ríkja um að eðli ríkisvaldsins sé að taka tillit til fjölbreytninnar. Það er ljóst að þessi sátt er ekki

---

<sup>53</sup> CPP 4

fyrir hendi vegna þess að umræða um umbætur er ennþá á forsendum ríkjandi flokkakerfis. Setning stjórnlagabings, þjóðfundir, blogg og frjáls félagasamtök eru allt athafnir í anda Arendt og ég geri mér grein fyrir því að hugmyndir hennar komast að sjálfsögðu ekki inn í umræðuna af sjálfu sér og því liggur á því að vera sjáfur virkur og athafnasamur.

## 7. Uppgjör

Hugmyndir Arendt eru stórar í sniðum en á sama tíma mjög einfaldar. Það má segja sem svo að með þrískiptingu mannlegrar virkni leggi hún niður línurnar og útskýri að hvaða leyti við erum eins. Við vinnum, við sköpum og við höfum samskipti. Að öðru leyti erum við öll einstök. Fjölbreytni okkar þarf að komast til skila því hún er hluti af okkur og þessvegna erum við að vinna gegn stöðu okkar á jörðinni með því að halda henni niðri. Athafnir okkar miðla fjölbreytileikanum en veita einnig aðhald gegn hættulegum hugmyndum og öflum sem reyna reglulega að eitra samfélagið. Til að njóta góðs af hugmyndum Arendt er ekki nauðsylegt að samþykkja þrískiptingu mannlegrar virkni, það má láta hana liggja milli hluta, eða til hliðsjónar. Ég átta mig til dæmis ekki á því nákvæmlega hvar landamærin á milli vinnu, framleiðslu og athafnar liggja og einhverjum gæti fundist hún vera að gera lítið úr vinnusömu fólki. Ég geri mér samt grein fyrir því að hugmyndir hennar um vinnu eru frekar afmarkaðar innan þess tíma sem hún setur þær fram. Hugmyndir okkar í dag til vinnunar hafa breyst og flæði milli sköpunar og vinnu (framleiðslu og vinnu) hefur aukist, þó mér finnist það oftar en ekki gert á forsendum atvinnurekenda. „Glatt vinnuafl eykur gróðann.“ Það sem hefur aftur á móti ekki breyst er að helsta forsenda vinnunar er ennþá alvaran og nauðsynin sem í henni fellst. Það gerir það að verkum að málamiðlanir launþega eru of miklar og því er mótun samfélagsins að stórum hluta en í höndum atvinnurekenda.

Það er hárrétt rétt hjá Arendt að neyslusamfélagið sé orðið of massíft og að pólitískt sinnuleysi megi rekja beint til neyslu og afþreyingar. Rökstuðningur þeirrar skoðunar þarf ekki nauðsynlega að hvíla á forendum þrískiptar mannlegrar virkni en hún gengur upp þannig.

Þó neytlusamfélagið sé meingallað og hvort sem við samþykkjum hugmyndakerfi Arendt eða ekki, þá eru vestrænu neytlusamfélögin réttarríki, og innan þeirra eru stofnanir sem gæta réttinda og sannleikans, eins og Arendt bendir á í niðurlagi kaflans um „Sannleika og stjórnmal”. Það er afar ólíklegt að þau muni raunverulega enda með alræði af þeirri tegund sem við urðum vitni að á fyrri hluta 20. aldar, eins og ég bölsýnilega gef í skyn í ritgerðinni. Við megum þó ekki gleyma því að hér á Íslandi var -í að minnsta kosti áratug- reynt á þolmörk þessara stofnana (sumar voru lagðar niður) sem áttu að gæta okkar og réttindi margra voru þverbrotin á meðan Sjálfstæðisflokkurinn athafnaði sig innan og utan kerfisins í stjórnartíð sinni 1991-2008. Ástandið varð einnig þannig að þjóðin missti röddina, hvort við vorum svipt henni með valdi er þó ofsögum sagt. Þeir sem gagnrýndu það sem blasti við okkur -að hér ríkti spilling og ofurvald fáeinna jakkafataklæddra karlmanna í boði flokksins- voru allt að því niðurlægðir opinberlega, með hjálp fjölmiðla og í þökk fólksins. Þetta var einsleitt samfélag, annaðhvort spilaðirðu með og tókst *neytlulán*, grillaðir á kvöldin og lofsöngst ástandið á daginn eða þér var ýtt til hliðar. Ef þessi raunveruleiki er skoðaður með augum Arendt verður maður að spyrja: Hverjir móta þannig samfélag, hverjir hafa rödd?

Nú get ég ekki gert mér í hugarlund hvort hugmyndafræðingar Sjálfstæðisflokksins hafi ætlað sér að skapa þjóðfélag sem hringdi nær öllum viðvörunarbjöllum Hönnuh Arendt. Kannski trúðu þeir því í alvöru að hinn frjálsi markaður myndi skapa hagsæld, atvinnu og gleði sem myndi flæða inn í alla afkima þjóðarinnar.

Ég rakst á merkilega lýsingu á tíðarandandanum í hirð Adolfs Hitler rétt eftir valdatökuna í Þýskalandi 1933 í bókinni *Hitler talar*.<sup>54</sup> Nú dæmi hver fyrir sig sjálfur en hér má sjá kunnulega stemmningu:

---

<sup>54</sup> Hermann Rauschung. *Hitler talar*, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940, Reykjavík

„Setjist í stöðurnar“, var vígorð Hitlers, eftir að hann komst til valda. Reglan var sú að sölsa undir sig hverja sýslan og starfa, sem að varð komist. „Fríða les blómarós fyrr en hún þver“, söng hinn drykkfelldi foringi Vinnufylkingarinnar, dr. Ley, skrækum rómi neðan af hinum lægri þrepum. „Njótið lífsins og gerið ykkur ríka“, var hin gleðilega tilskipun frá hærri stöðum. „Við viljum engin leikspjöll, eldur þarf eldsneyti; var hvíslað á göngunum framan við skrifstofur Hitlers. „Að hreiðra um sig“, voru einkunarorðin fyrstu mánuðina eftir valdatökuna. „Ég gef mönnum mínum fullt frelsi“, sagði Hitler einu sinni við miðdegisborðið. „Gerið, hvað ykkur sýnist, en látið ekki standa ykkur að því!“<sup>55</sup>

Á Íslandi voru menn „staðnir að því“ en það var náttúrulega vegna þess að fjármálkerfið hrundi og því ómögulegt að halda blekkingunni áfram. Alveg fram á síðustu stundu virtist áherslan hafa verið á að „komast upp með“ með því að fara á svig við reglur frekar en að „bjarga“.

Það er að sjálfsögðu lítilsvirðing við þá sem í alvörunni lentu í klóm Hitlers og félaga að líkja lúxusvandamáli bankahruns við alræði þriðja ríkisins. Ég er bara að benda á að Arendt virðist hafa kortlagt hugarheim hins spillta pólitíkuss hárrétt.

Mér þykir verðmætasti punktur kenninga Arendt vera fjölbreytileikinn og sérstaklega að við þurfum að vera meðvituð um hann, en fjölbreytileikanum má ekki rugla saman við hina betur þekktu *fjölhbyggju* sem tengd er við fjálslyndi. Fjölhbyggja er yfirlýsing um rétt allra til að hafa ólíkar skoðanir og til að tileinka sér sína eigin lífsspeki. Fjölbreytileiki Arendt felur í raun í sér öll mannleg viðfangsefni því manneskjan er fjölbreytileg. Við höfum eiginlega ekki beint val, við erum bara svona. Heimurinn er fjölbreyttur og magnaður staður sem fer minnkandi með degi hverjum vegna ört fjölgandi tækninýjunga á sviðum fjarskipta. Við komumst sífellt í tengsl við ólík viðhorf og menningu og þá skiptir máli að vera víðsýnn. Fjölbreytileiki Arendt tekur að sjálfsögðu tillit til þessa, réttara sagt, fjölhbyggja er hluti af fjölbreytileikanum. Fjölbreytileikinn er þó ekki auðskilinn og Arendt leggur ekki beint til á hvaða sviðum við þurfum nauðsynlega að vera meðvituð um hann.

Kristian Klockars sundurgreinir gildi fjölbreytileika Arendt í ritgerðinni „Plurality as a Value in Arendt’s Political Philosophy“.<sup>56</sup> Hann leggur áherslu á fjóra þætti sem hann telur vera hennar megin áherslu með fjölbreytileikanum:

1. *Munur* á milli einstaklinga, sem felur m.a. í sér staðfestingu á einstaklingsfrelsi.
2. *Veröldina* sem vettvang mannglegrar fjölbreytni, sem skapar ástand *jafnréttis*, þannig að enginn

<sup>55</sup> *Hitler talar* 99.

<sup>56</sup> Kristian Klockars: „Plurality as a Value in Arendt’s Political Philosophy“. *Topos*. 19. tbl., 2008, bls. 62-71



einstaklingur verður talinn meira virði en annar.

3. Á pólitískum vettvangi sem átök *ólíkra skoðana*.

4. Greining á áherslum stofnana og hvort þær *geri lítið úr fjölbreytileika eða taki tillit til fjölbreytileika*.<sup>57</sup>

Ég held að þessi sundurgreining dragi hugmyndina vel saman. Þegar öllu er á botninn hvolft þá þurfa stjórnvöld að veita þegnunum frelsi til að vera til að vera og lifa á mismunandi hátt. Það gerist að sjálfsögðu ekki nema með þáttöku okkar.

Mín tilfinning hefur alltaf verið sú að við höfum val um það hvort við tökum þátt í raunveruleikanum í víðari skilningi, í heimi fyrirbæranna, með augum heimspekingsins, eða með því að skilgreina stöðu okkar í samfélaginu og dvelja þar eingöngu með sjónarhornið of þröngt og inn á við. Við finnum okkur að sjálfsögðu einhverskonar blöndu af báðum heimum en sjónarmiðið færist sífellt meira inn á við og það gerir samfélagið okkar viðkvæmt fyrir lýðskrumi og því þurfum við að tala saman í einlægni. Samfélag fjölbreytninar, samfélag *meðvitað* um fjölbreytni sína, er mun líklegra til að sporna gegn sinnuleysi og einstaklingshyggju því þá er gert ráð fyrir rödd allra. Við teljum okkur vera vitibornar verur og tími til kominn að allir leggi sitt af mörkum. Leiðin sem Arendt fer til að rökstyðja mikilvægi fjölbreytileikans fer með okkur í gegnum fjölmargar hættur sem spretta langflestar upp úr *skepnuskap* mannsins í orðsins fyllstu merkingu. Umburðarlyndi og víðsýni teljast til okkar góðu kosta og öllum tilraunum til þess að efla og bæta þessa eiginleika fagna ég heilshugar. Ég ætla samt ekki að missa mig í útópískar þælingar en ég segi þetta: „Einfaldasta og raunhæfasta leiðin til betra samfélags er að opna á milli flokkanna í íslenskri pólitík og skapa vettvang í anda Hönnuh Arendt, þar sem fjölbreytni samfélagsins er gerð að leiðandi afli í uppbyggingunni.”

---

<sup>57</sup> „Plurality as a Value in Arendt's Political Philosophy” bls. 62.

## Heimildaskrá

- Hannah Arendt: *The Human Condition*. Chicago: The University of Chicago Press, 1998.
- Hannah Arendt: *Origins of Totalitarianism*, Cleveland: The World Publishing Company, 1962.
- Hannah Arendt: *Between Past and Future*. Harmondsworth, Middlesex: Penguin Books Ltd. Registered Offices, 1993.
- Martin Heidegger: *Being and Time*. Albany: State University of New York Press, 1996.
- Kristian Klockars: „Plurality as a Value in Arendt’s Political Philosophy”. *Topos*. 19. tbl. 8:62-71. 2008. (Sjá: <http://topos.ehu.lt/en/zine/2008/2/klockars.pdf>)
- Will Kymlicka: *Contemporary Political Philosophy*. Oxford: Clarendon press, 1997.
- Karl Marx og Friedrich Engels: *Kommúnistaávarpið*. Þýð. Sverrir Kristjánsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2008.
- Hermann Rauschung: *Hitler talar*. Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940.
- Dana Villa (ritstj.): *The Cambridge companion to Hannah Arendt*. Cambridge: Cambridge University Press, 2000.
- Sigríður Þorgeirsdóttir (ritstj.) Óútgefin handrit af þýðingum eftirfarandi texta:
- „Af ást til heimsins”. Handrit af formála þýðingarsafns valdra texta Hönnuh Arendt. Höf. Sigríður Þorgeirsdóttir.
- „Alger yfirráð”, þýð. Ólöf Embla Eyjólfsdóttir.
- „Eichmann í Jerúsalem”, þýð. Ólöf Embla Eyjólfsdóttir.
- „Sannleikur og stjórnsmál”, þýð. Guðrún Eva Mínervudóttir.
- „Staða mannsins”, þýð. Davíð Kristinsson og Sigríður Þorgeirsdóttir.

